

Fundargerð stjórnar Læknaráðs 27. október 2021

Teams fundur - Mættir: Gunnar Bjarni Ragnarsson, Oddný Ómarsdóttir, Kristján Dereksson, Þórunn Jónsdóttir, Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, Hlynur Indriðason, Steinunn Þórðardóttir

1. Fagráð

Þórunn Jónsdóttir gerir grein fyrir umfjöllunarefnum fagráðsins. Fyrirspurn hefur verið send á velferðarráðuneytið og dómismálaráðuneytið vegna afgreiðslu alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu. Ítarlegt svar barst frá velferðarráðuneytinu þar sem fram kom að boltinn er hjá dómismálaráðuneytinu, en þaðan hafa enn ekki borist nein svör. Þórunn ætlar að áframsenda á okkur skýrslu vegna málsins sem fagráðið fékk senda. Fagráðið er einnig að vinna með málefni bráðamóttökunnar og öldrunarþjónustunnar, en á báðum þessum stöðum hefur starfsfólk ítrekað bent á ófremdarástand. Fagráðið telur einnig að ákveðin upplýsingaóreiða ríki innan spítalans og starfsfólk sé ekki nægilega upplýst um yfirvofandi breytingar eða hvert verið sé að stefna. Fagráðið er með ályktun í smíðum vegna blóðbankamálsins (sjá fyrri fundargerð). Að lokum er fagráðið að vinna í því að koma fræðsluprógrammi í gang og stefnir á fund um nýja LSH á næstunni (með breiðari fókusi en okkar fund 12/11).

2. Fræðslunefnd

Þann 12/11 (kl 12-13 í Blásölum) verður fundur um starfsaðstöðu lækna á nýjum Landspítala við Hringbraut. Lilja Stefánsdóttir (verkefnastjóri Hringbrautarverkefnisins) og Helgi Björn Ormarsson verkfræðingur verða á fundinum og kynna stöðuna. SYL og FSL standa að fundinum með Læknaráði og er formaður SYL að vinna í að fá vinnustaðasálfræðing á fundinn einnig.

Þann 17/11 kl 14:30 verður Nóbelsfundur Læknaráðs í Hringsal – Gunnar Bjarni skipuleggur. Magnús Karl Magnússon og Eiríkur Steingrímsson flytja erindi og mögulega verða kleinur.

Gunnar Bjarni er einnig að skipuleggja jólafund Læknaráðs sem vera á annan föstudag í desember. Athuga þarf með Hringsalinn.

3. Nýr fulltrúi í stjórn Læknaráðs og fulltrúi í vísindaráð LSH

Jon Örn þvavgfæraskurðlæknir hefur dregið sig út úr ráðinu og fyrir liggur tillaga um Jóhann Pál Ingimarsson þvavgfæraskurðlækni í hans stað. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Sif Ormarsdóttir læknir, sem er fulltrúi Læknaráðs í Vísindaráði spítalans, hefur beðist lausnar. Fundurinn stingur upp á Sigurdísi Haraldsdóttur í hennar stað og mun SP hafa samband við hana.

4. Heimasíða spítalans

Læknaráð er ekki til skv. framkvæmdastjórn spítalans og því fékkst ekki heimild til að ráðið fái flípa á heimasíðu spítalans. SP er með grein í bígerð fyrir Læknablaðið þar sem farið verður yfir störf ráðsins frá því að núverandi stjórn tók við í janúar (“Læknaráð lifir”), GBR hefur boðist til að vera með í skrifunum.

5. Fjármál

Við munum stofna reikning og senda út ósk um fjárframlög frá læknum spítalans. Í þeim pósti munum við fara yfir okkar störf og það sem við viljum gera fyrir peningana (aðallega veitingar og jólafundur).

6. Bjórkvöld stjórnar

Stefnt er á bjórkvöld stjórnar föstudaginn 19. nóvember á Kex Hostel kl 17